



Knattspyrnufélagið Haukar

Íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar,
Ingvar S. Jónsson,
Íþróttahúsinu við Strandgötu,
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 9. september 2014.

Erindi: Endurnýjun á gervigrasi á knattspyrnuvelli Hauka að Ásvöllum.

Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir að lagt verði nýtt gervigras á keppnisvöll félagsins að Ásvöllum. Það gervigras sem nú er á knattspyrnuvelli félagsins var tekið í notkun í júlí mánuði árið 2005 og er því löngu tímabært að endurnýja gervigrasið á vellinu. Núverandi gervigras þykir barn sins tíma, orðið illa farið og stenst engan veginn þær kröfur sem nú eru gerðar til gervigrasvalla.

Iðkendir í knattspyrnu hjá Knattspyrnufélaginu Haukum eru nú nær 500 og íbúum hefur farið fjölgandi í nágrenni Íþróttamiðstöðvarinnar að Ásvöllum. Það er því ljóst að mikil þörf er á bættri aðstöðu fyrir knattspyrnuíðkun. Um nokkurra ára skeið hafa farið fram viðræður við bæjaryfirvöld um endurnýjun á gervigrasi, sem og um bættu aðstöðu á Ásvöllum. Þá má benda á að Stjarnan í Garðabæ fékk gervigras á svipuðum tíma og Haukar, en á árinu 2012 var lagt nýtt gervigras á keppnisvöll félagsins.

Samhliða lagningu á nýju gervigrasi er nauðsynlegt að endurnýja hitalagnir, en í mörg ár hefur vatn lekið úr hitalögnum undir vellinum og hefur kallað á nokkur fjárútlát vegna kaupa á heitu vatni frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Þá er það ósk Hauka að skoðað verði hvort ekki er mögulegt að færa núverandi gervigras til á íþróttasvæði Hauka og nýta það áfram þar til ráðist verði í byggingu knattspyrnuhúss á svæði félagsins. Knattspyrnufélagið Haukar býr við fremur erfiðar aðstæður hér á Ásvöllum og inniaðstaða í knattspyrnuhúsi, fyrir yngri sem eldri iðkendir, er ekki til staðar. Sem áður er hér getið um, eru iðkendir fjölmargir og æft er á Ásvöllum alla daga ársins, jafnt sumar sem vetur.

Það er ósk Knattspyrnufélagsins Hauka að nýtt gervigras af fullkomnustu gerð verði lagt á knattspyrnuvöll félagsins á vordögum 2015.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka.

Magnús Gunnarsson,
framkvæmdastjóri.